

Neyðarlýsing:
Lög, reglugerðir, staðlar og fl.

Guðmundur Gunnarsson
yfirverkfræðingur
Brunamálastofnun

Hversvegna neyðarlýsingu?

- Uppfylla grunnkröfu laga um brunavarnir um verndun lífs og heilsu fólks með því að tryggja fullnægjandi viðbúnað við eldsvoðum á landi.
 - Fólk sjái til að koma sér út úr húsum og á öruggan stað á jörðu niðri

Tilgangur

- Markmið með neyðarlýsingu er að tryggja að fullnægjandi lýsing komi sjálfvirkt á og lýsi í ákveðinn tíma á ákveðnum svæðum ef rafmagnið fer af.
 - Merkja flóttaleiðir
 - Lýsa flóttaleiðir og opna sali
 - Lýsa upp öryggisbúnað
 - Lýsa upp búnað sem þarf að vinna við í straumleysi

Skipulag byggingarmála

- Samkvæmt skipulags - og byggingarlögum og lögum um brunavarnir er dagleg ábyrgð á þessum málaflokki hjá sveitarfélögum.
- Opinbert eftirlit með hönnun og uppsetningu neyðarlýsingar er hjá byggingarfulltrúa
- Opinbert eftirlit með neyðarlýsingu í byggingum í notkun er hjá eldvarnareftirliti og vinnueftirlitinu.

Skipulag byggingarmála

- Samkvæmt lögum um brunavarnir er hlutverk Brunamálastofnunar yfirumsjón og samræming á störfum þeirra sem vinna að þessum málum en stofnunin kemur ekki beint að málaflokknum nema byggingarfulltrúi eða slökkviliðsstjóri vísi málum til stofnunarinnar.

Hvar á neyðarlýsing að vera?

- Talið upp í reglugerðum, reglum og stöðlum sem byggja á lögum:
 - Lög um brunavarnir nr. 75/2000
 - Skipulags - og byggingarlög nr. 73/1997
 - Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 með síðari breytingum.
- Allir vinnustaðir

Reglugerðir

Byggingarreglugerð nr. 441/1998

Reglugerð nr. 341/2003 um fólkslyftur og fólks-
- og vörulyftur.

Reglugerð nr. 200/1994 um eigið
eldvarnaeftirlit eigenda og forráðamanna
með brunavörnum í atvinnuhúsnæði

Reglugerð nr. 198/1994 um eldvarnaeftirlit
sveitarfélaga með atvinnuhúsnæði sem tekið
hefur verið í notkun.

Byggingarreglugerð nr. 441/1998

Grein í reglugerð	Notkun húsnæðis	Krafan kemur við
106	Kennsluhúsnæði, dagvistun, leikskóla og önnur hús með hliðstæða starfsemi	50 manns og fleiri
107	Öll samkomuhús en til þeirra teljast félagsheimili, leikhús, kvikmyndahús, veitingahús, hús með fundarsölum, sýningarsölum, fyrirlestrarsölum og íþróttasölum, mötuneyti fyrir 50 manns eða fleiri, kirkjur, safnaðarheimili og önnur álíka hús með sambærilega notkun.	Alltaf
108	Verlanir og fylgirými	150 m ² eða stærra
109	Skrifstofuhúsnæði	150 m ² eða stærra
110	Allt húsnæði þar sem rekin er gististarfsemi, svo sem hótél, gistiheimili, gistiskála, dvalar- og heimavistir hjúkrunarheimili, hvíldar- og hressingarheimili, elli- og dvalarheimili aldraðra, sjúkrahús, fangelsi, ver- og vinnubúðir.	10 svefnpláss eða fleiri
111	Iðnaðar og geymsluhúsnæði	200 m ² eða stærra
114	Bílageymslur	100 m ² eða stærra

Byggingarreglugerð nr. 441/1998

- Hönnun neyðarlýsingar og útljósa, þar sem slíks er krafist, skal vera í samræmi við ÍST EN 1838, ÍST EN 50171, ÍST EN 50172 og leiðbeiningar sem Brunamálastofnun skal gefa út eða vísar til.
 - Staðall myndar ekki kröfu fyrr en vísað er til hans í lögum eða reglugerð.

Byggingarreglugerð nr. 441/1998

- a) Útljós skal setja yfir eða við útgöngudyr til að leiðbeina fólki að þeim. Auk þess skal koma fyrir útljósum á öðrum stöðum þannig að þau séu sýnileg frá hvaða stað sem er í sölum eða flóttaleiðum og rata megi með hjálp þeirra einna út undir bert loft á jörð niður eða til öruggs staðar innanhúss, hvort sem um er að ræða aðal- eða neyðarútganga. Útljós skulu vera græn að lit með hvítu merki eða hvít með grænu merki, auk leiðbeininga eftir því sem við á, sbr. reglur um öryggis- og heilbrigðismerkingar á vinnustöðum. **Þau skulu vera sílogandi.**
- b) Varastraumgjafar skulu vera vararafstöðvar eða rafhlöður sem taka sjálfvirkt við ef aðalstraumgjafi bilar.

Reglugerð nr. 341/2003 um fólkslyftur og fólks - og vörulyftur.

- Í þessari reglugerð er ákvæði í grein 4.8. sem segir: Nægileg lýsing skal vera í lyftustól þegar hann er í notkun eða dyr eru opnaðar; í honum skal einnig vera neyðarlýsing.
- Í grein 5.4.2 í ÍST EN 50172 er ákvæði um að neyðarlýsingarlampi skuli vera í fólksflutningalyftum

Reglur

Settar á grundvelli laga um vinnuvernd

Reglur um öryggis - og
heilbrigðismerkingar á vinnustöðum nr.
707/1995

Reglur um húsnæði vinnustaða nr.
581/1995

Reglur nr. 707/1995 um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum.

- Í þessum reglum sem tóku gildi árið 1995 voru ákvæði um að breyta skyldi öllum öryggismerkingum þ.m.t ÚT-ljósum til samræmis við komandi evrópustaðla og átti sú breyting að vera um garðgengin haustið 1998 nema Vinnueftirlitið gæfi sérstaka undanþágu frá ákvæðinu. Önnur nýmæli í þessum reglum voru að öll merki skyldu vera rétthyrnd eða ferhyrnd en á þessum tíma voru hringlótt merki mjög algeng.

Reglur nr. 707/1995 um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum.

- Ástæða þessa ákvæðis var að tilraunir höfðu sýnt að hringlóttu merkin sáust mun ver í reyk.
- Útlit merkjanna breyttist einnig, nú skyldu merkin einungis sýna persónu á hlaupum að neyðarútgangsdryrum en ekki var lengur miðað við að vera með skýringatexta á íslensku á merkinu.
- Öll þessi ákvæði hafa síðan komið í ÍST EN stöðlunum.

Reglur nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða

- Í þessum reglum eru almenn atriði varðandi neyðarlýsingu á vinnustöðum.
- Vinnustaður er hér skilgreindur sem það húsnæði innan athafnasvæðis fyrirtækis sem ætlað er að hýsa vinnuaðstöðu, og hvern þann stað annan innan lóðar fyrirtækis sem starfsmaður hefur aðgang að í tengslum við vinnu sína.
- *Á vinnustöðum þar sem starfsmönnum er sérstök hættu búin ef rafmagn fer af skal séð fyrir fullnægjandi neyðarlýsingu.(8.gr)*

Reglur nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða

- Engin skilgreining á því hvað er sérstök hættu
- Auðkenna skal sérstaklega undankomuleiðir og neyðarútganga með skiltum.
- Þar sem lýsingar er þörf í neyðarútgöngum og á undankomuleiðum skal vera fullnægjandi neyðarlýsing ef straumlaust verður. (37.gr)
- >
- Neyðarlýsing í öllum vinnurýmum þar sem getur orðið dimmt og á leið frá þeim og út undir bert loft

EN og ISO staðlar

ÍST EN 81

ÍST EN 1838:1999. Lighting application - Emergency lighting.

[ÍST EN 12193 :1999](#) Light and Lighting - Sports lighting

ÍST EN 50171:2001 Central power supply systems

ÍST EN 50172:2004 Emergency escape lighting systems

ÍST EN 60598-2-22:1998. Luminaires- Part 2:Particular requirements- Section 22- Luminaires for emergency lighting.

EN 60598-2-22:1998/A1:2003. Luminaires - Part 2-22: Particular requirements - Luminaires for emergency lighting

ISO 16069 Graphical Symbols – Safety Signs – Safety way guidance system (SWGS)

ISO 16069 GRAPHICAL SYMBOLS – SAFETY SIGNS – SAFETY WAY GUIDANCE SYSTEM (SWGS)

- Staðallinn fjallar um reglur varðandi eftirálýsandi merkingar á flóttaleiðum og merkingar ef rafmagnslaust verður og rekstur kerfisins.
- Í staðlinum er lýst fyrirkomulagi varðandi form og notkun sýnilegra hluta neyðar- og flóttalýsingar. Fjallað er um rafmagns- og eftirálýsandi kerfi og kröfur til búnaðar í þeim
- Staðsetningu íhluta
- Þörfina á samhangandi merkinga
- Sjáanleika og litasamsetningar
- Lágmarkskröfur um luminans eiginleika

Eftirliti með neyðarlýsingu

Ábyrgð á eftirliti er hjá eiganda mannvirkis.
Fyrirkomulag eftirlits er lýst í ÍST EN 50172:2004
og í köflum 8 og 9 í neyðarlýsingarhandbókinni.

- Daglegt
- Mánaðarlegt
- Árlegt


Hver gerir hvað?

- Slökkvilið, Vinnueftirlit
 - Að neyðarlýsing sé til staðar
- Rafverktakar
 - Að búnaðinum sem raftækis
- Öryggisfyrirtæki
 - Brunavarnir húsa „í fóstur“
 - Þjónustuaðilar brunaviðvörðunarkerfa

Brunamálastofnun

Brunamálaskólinn

Leiðbeiningablað um neyðarlýsingu í uppfærslu



Kröfur til brunaöryggis vöru.

- Hver sá sem framleiðir, flytur inn eða selur vöru sem haft getur áhrif á öryggi mannvirkja og fólks gagnvart eldi skal ábyrgjast að varan fullnægi öryggiskröfum á Evrópska efnahagssvæðinu í samræmi við fyrirsjáanlega og eðlilega notkun vörunnar.
- Hafi slík vara ekki fullgilda viðurkenningu á Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. 1. mgr., skal sá sem framleiðir, flytur inn eða selur vöruna leita viðurkenningar hjá Brunamálastofnun áður en varan er sett á markað hér á landi.
- Kostnaður vegna beiðni um viðurkenningu skal borinn af þeim sem óskar viðurkenningar.

Kröfur til brunaöryggis vöru.

- Brunamálastofnun sker úr um ágreining vegna notkunarsviðs vöru.
- Telji Brunamálastofnun að vara fullnægi ekki kröfum skv. 1. mgr. er stofnuninni heimilt að banna sölu hennar.
- Um málsmeðferð Brunamálastofnunar og réttarfarsúrræði vegna sölubanns fer eftir ákvæðum [IV.](#) og [V. kafla laga nr. 134/1995](#), um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, eftir því sem við á.